



Erindisbréf fyrir ungmennaráð Vopnafjarðar

1. gr.

Hlutverk ungmennaráðs.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki á aldrinum 14 – 25 ára í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar eftir því sem segir nánar í erindisbréfi þessu.

Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun innan stjórnsýslu sveitarfélagsins um málefni aldurshópsins.

2. gr.

Markmið og verkefni.

Helstu markmið og verkefni ungmennaráðs eru:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks á framfæri við hlutaðeigandi aðila innan stjórnkerfis sveitarfélagsins,
- að gegna veigamiklu hlutverki í Barnvænu sveitafélagi og er hluti af stýrihóp verkefnisins,
- að gæta hagsmuna ungs fólks með t.a.m. umfjöllun um mál sem snerta aldurshópin sérstaklega,
- að fulltrúar þess þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins,
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í frístundastarfsemi fyrir ungt fólk í sveitarfélaginu,

- að efla tengsl nemenda menntastofnana, þ.e. grunnskólans og framhaldsdeildar, og sveitarstjórnar með umræðu meðal nemenda um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun um málefni aldurshópsins,
- að taka til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og nefndir þess óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

3. gr.

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu sem samþykkt er af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir.

4. gr.

Skipan ungmennaráðs og starfstími.

Ungmennaráð skal skipað fimm fulltrúum og fimm til vara á aldrinum 14 – 25 ára, til eins árs í senn.

Eftirfarandi tilnefna fulltrúa til ráðsins eigi síðar en 20. september ár hvert:

- Einn fulltrúi úr 9. bekk og tveir fulltrúar úr 10. bekk Vopnafjarðarskóla og þrír til vara. Þeir verði valdir með almennri kosningu nemenda. Ef ekki næst tilætlaður fjöldi nemenda úr 10. bekk þá sé fjölgað um einn í 9. bekk.
- Einn fulltrúi framhaldsskóladeildar og einn til vara. Fulltrúi valinn með almennri kosningu nemenda. Ef ekki næst fulltrúi úr framhaldsskóladeildinni má bæta við fulltrúa úr grunnskólanum.
- Einn fulltrúi frá frjálsum félagasamtökum í sveitarfélaginu samkvæmt sameiginlegri ákvörðun þeirra.

Starfstími ungmennaráðs skal vera tímabilið 1.september til 1.júní.

5. gr.

Formennska og fundir.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs það sér formann og varaformann. Formaður stjórnar fundum og sér um að allt fari löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem

upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er fundarsköp varðar.

Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ráðinu um tillögur og áherslur eftir því sem við á.

Ungmennaráðið heldur fund að jafnaði mánaðarlega á hverju starfsári. Fundar ráðið auk þess með sveitarstjórn í mars ár hvert og skal dagskráin undirbúin í samráði við sveitarstjóra.

Seturétt á fundum eiga kjörnir fulltrúar í ráðinu og verkefnastjóri frístunda-, æskulýðs- og fjölmeningarmála. Heimilt er að boða aðra á fundi enda varða málefni viðfangsefni ráðsins og verkvið hlutaðeigandi.

6. gr.

Fundarboðun, fundarsköp og málsmeðferð.

Verkefnastjóri frístunda-, æskulýðs- og fjölmeningarmála boðar til fundar með dagskrá að höfðu samráði við formann. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Heimilt er að taka til meðferðar mál í ungmennaráði sem ekki eru tilgreind í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmaður óskar þess.

Um fundarsköp á fundum ungmennaráðs og ritun fundargerða gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp sveitarstjórnar. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. samþykkt þar að lútandi. Fundargerðir ráðsins skulu sendar sveitarstjórn til kynningar.

7. gr.

Hlutverk verkefnastjóra.

Verkefnastjóri frístunda-, æskulýðs- og fjölmeningarmála er starfsmaður ungmennaráðs og ritar fundargerðir þess. Situr hann að jafnaði fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt og fylgir eftir ákvörðunum ráðsins.

8. gr.

Gildistaka.

Erindisbréfið tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af sveitarstjórn.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 32. gr. samþykktar um stjórn Vopnafjarðarhrepps nr. 585/2019 með síðari breytingum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps 22.september 2022.
